



Til bæjarráðs

Kópavogi, 30. október 2023
2310899/005.05 ABS

Efni: Samantekt um starfsemi Molans, miðstöð ungmenna í Kópavogi.

Starfsemi Molans í dag

Í byrjun október tók Hildur Öder Einarsdóttir við nýju starfi verkefnastjóra í Molanum, Miðstöð unga fólksins.

Í fyrstu verður lögð áhersla á að innleiða þær breytingar sem samþykktar voru í Bæjarstjórn Kópavogs þann 11. apríl 2023. Starfið felur í sér umsjón með daglegu starfi og þjónustu við ungmenni í Miðstöð unga fólksins. Verkefnastjóri skipuleggur viðveru félagasamtaka og annarra samstarfsaðila í húsinu ásamt því að skapa vettvang og tækifæri fyrir virka þverfaglega samvinnu og samþættingu í þjónustu við ungt fólk. Starfið felur því í sér áherslu á fyrirbyggjandi starf og hefur snemmtækan stuðning og íhlutun að leiðarljósi. Helstu verkefni verkefnastjóra til að byrja með er að koma á tengingu og samstarfi við helstu samstarfsaðila, m.a. við félagsmálafulltrúa og nemendaráð Menntaskólans í Kópavogi, og forstöðumenn félagsmiðstöðva í Kópavogi í þeim tilgangi að kynna starfið fyrir nemendum MK og nemendum í 10. bekk sem gætu nýtt sér þjónustu Molans strax á nýju ári. Auk þess eru ungmenni í tímavinnu í Molanum á kvöldin og taka þau þátt í að móta starfið og dagskrána. Þau sjá meðal annars um skipulag á viðburðum, smíðjum og kynningu á starfsemi Molans.

Skapandi verkefni Molans

Umsjónarmaður skapandi verkefna er nýtt starf í Molanum. Umsjónarmaður ber ábyrgð á og skipuleggur skapandi starf með ungu fólki í samvinnu við verkefnastjóra í Molanum, miðstöð unga fólksins. Hann annast þátttöku, leiðsögn og skipulagningu á verkefnum, námskeiðum, sýningum og viðburðum tengt list-, menningu- og nýsköpun fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, og er með aðstöðu í Miðstöð unga fólksins. Einnig mun umsjónarmaður skapandi verkefna vinna í nánú samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi í tengslum við viðburði, sýningar og fleira. Komin er námskeiðsáætlun og viðburðadagatal til að efla og gera skapandi starf ungs fólks sýnilegra og markvissara í Kópavogi. Á döfinni er m.a. málningarsmiðja, saumasmiðja, tónlistarsmiðja, fyrirlestur og textasmiðja frá Reykjavíkurdætrum. Stærri viðburðir verða unnir með ungmennunum sjálfum og er hugmyndin að vinna áfram í anda skapandi sumarstarfa þar sem ungu fólki gefst tækifæri til að taka þátt í viðburðum tengt list, menningu og nýsköpun og hafi aðstöðu í Molanum til að sinna listsköpun. Umsjónarmaður mun einnig vinna markvisst að góðu kynningarefni og auglýsingum til að setja á samfélagsmiðla, MEKÓ síðuna og aðra miðla til upplýsinga fyrir ungt fólk og bæjarbúa í Kópavogi. Í Molanum er einnig gott stúdíó sem ungmenni hafa aðgang að og geta nýtt eins og þeim hentar, í samvinnu við starfsmenn Molans og er það vel sótt í dag. Þegar boðið verður upp á tónlistarsmiðjur mun stúdíóið koma að góðum notum og verður áfram markvisst unnið að því að kynna þá aðstöðu fyrir ungu fólki í sveitarfélaginu.



Umsjónarmaður skapandi verkefna hefur einnig lagt inn umsókn í Lista- og menningarsjóð Kópavogsbæjar, með það að markmiði að Molinn sameini krafta sína með öðrum stofnunum bæjarins, sem vinna að því að skapa vettvang og styðja ungt fólk til listsköpunar. Haldin hafa verið svokölluð tilraunakvöld, viðburðir sem heppnuðust einstaklega vel í sumar þar sem ungu sviðslistafólki var boðið að koma og sýna efni sem ennþá var í vinnslu og fá viðbrögð áhorfenda. Þetta reyndist nytsamlegt fyrir listamennina og frábær skemmtun fyrir áhorfendur. Tilraunakvöldin voru tvö í sumar og bæði vel sótt. Í vetur er stefnan að bjóða áfram upp á tilraunakvöld og einnig að standa fyrir viðburðum á kvöldin með áherslu á ákveðin listform. Þar má nefna sérstök kvöld tileinkuð sviðslistum, tónlist og uppistandi. Í Molanum er frábær aðstaða til að halda slíka viðburði en einnig er áhugi á að halda viðburði innan Menningarhúsanna þegar það er mögulegt, s.s. tónleikar, leikrit, leiklestrar, upplestrar, danssýningar og fleira. Til að geta hrint verkefnunum í framkvæmd á næsta starfsári var sótt um styrk frá Lista- og menningarsjóði Kópavogs. Fáist styrkur samþykktur er stefnt að því að nýta hann til að mæta ungu fólki enn betur með aðstoð við undirbúning og skipulag viðburða og verkefna, sem þau vinna að, og aukið sýnileika lista- og menningar fyrir ungt fólk í samstarfi við Menningarhúsin. Eitt af markmiðunum með verkefninu er að efla lista- og menningarlíf ungs fólks, styrkja starf Molans og Menningarhúsanna í Kópavogi og skapa vettvang þar sem ungt fólk fær tækifæri til þátttöku í fjölbreyttu lista og menningarlífi, ásamt því að bjóða upp á námskeið, smíðjur, fræðsluerindi sem styður þau og styrkir í sinni listsköpun. Verkefnið talar einnig vel við heimsmarkmiðin sem Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða í stefnu Kópavogsbæjar.



Á döfinni

Molinn, miðstöð ungmenna leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt starf sem höfðar til fjölbreytts hóps ungmenna. Stór hluti starfsemi Molans flokkast undir opið frístundastarf en einnig er mikil áhersla lögð á hópastarf. Hóparnir geta verið fjölbreyttir og margir og munum við vinna að því í sameiningu við ungmennti sem starfa hjá Molanum að stofna til hópa þar sem áhuginn og eftirspurn er mest. Einnig er unnið að því að koma á húsráði Molans til að auka sem mest lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Sömuleiðis mun Ungmennaráð Kópavogsbæjar funda í Molanum í vetur, til að tengja fulltrúa ungmennaráðsins betur við þá starfsemi sem Molinn býður upp á, og innleiðingu þeirra breytinga á þjónustu sem samþykktar hafa verið og ungmennaráð hefur kallað eftir.

Skoðað verður samstarf við Rauða krossinn og áframhald á verkefninu **Velkomin** með áherslu á að ná til að ná til ungs fólks með íslensku sem annað tungumál.

Fundað hefur verið með félagsmálafulltrúa MK varðandi samstarf skólans og Molans. Verið er að skoða hvort Leikfélag MK geti nýtti sér aðstöðu í Molanum



og mögulega útfært verkefni í samvinnu við umsjónarmann skapandi verkefna. Nemendaráð MK mun funda í Molanum á næstunni með verkefnastjóra Molans og áhugi er fyrir því að nemendaráð MK komi að skipulagi dagskrár og viðburða í húsinu. Félög eins og Morfís og Gettu betur lið MK getur einnig haft æfingaaðstöðu í húsinu í samvinnu við starfsfólk Molans. Staðið verður að nýnemakynningu fyrir alla 1. árs nema í MK í haust þar sem starfsemi og þjónusta Molans verður kynnt og hlutverk starfsmanna í húsinu.

Áhersla verður lögð á að ná til nemenda og foreldra í 10. bekk í samstarfi við félagsmiðstöðvar og grunnskóla í Kópavogi. Mikilvægt er að ungt fólk viti af þeirri þjónustu sem er í boði í Molanum og hvaða afþreyingamöguleikar og þjónusta er í boði í sveitarfélaginu fyrir ungt fólk. Unnið er að undirbúningi kynningamyndbands sem hægt verður að deila á samfélagsmiðlum og nota í tengslum við kynningar á starfseminni. Foreldrabréf verða einnig send á foreldra/forsjáraðila allra nemenda í 10. bekk og 1. árs nema í Menntaskólanum í Kópavogi til að kynna starfsemi hússins

Verkefnastjóri ásamt starfsfólki Molans mun í samstarfi við forstöðumenn félagsmiðstöðva heimsækja nemendur í 10. bekk á næstunni og kynna þeim þá þjónustu sem Molinn býður upp á. Einnig verða skipulagðar sérstakar opnanir fyrir nemendur í 10. bekk. Unnið verður áfram að þróun valáfanga í samvinnu við grunnskóla Kópavogs með áherslu á þátttöku í starfsemi Molans. Nemendur í 10. bekk fá þá tækifæri til að kynnast starfsemi Molans, hvernig frístundastarf fyrir 16+ virkar og undirbúning til þátttöku í félagslífi Molans og framhaldsskóla eftir að grunnskólagöngu lýkur. Molinn verður áfram í virku samstarfi við samtökin Samfés og stefnt er að því að Molinn eigi fulltrúa í ráði Samfés+ fyrir 16 ára og eldri. Markmið þess er m.a. að tryggja þátttöku ungmenna í málefnum þeirra, auka jafningafræðslu og tryggja að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu. Deildarstjóri frístundadeildar og sviðsstjóri menntasviðs áttu nýverið fund með framkvæmdastjóra og verkefnastjóra Samfés þar sem þeim voru kynntar þær breytingar sem verið er að innleiða í Molanum. Fundurinn var gagnlegur og sammæli um að halda áfram samstarfi og samvinnu áfram. Stefnt er að því að stuðla að samstarfsfundum með aðilum sem sinna sambærilegri þjónustu í nágretta sveitarfélögunum, með því er að hægt að styrkja samstarfið og skiptast á góðum verkefnum í þágu ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðgjafa og stuðningsþjónusta

Unnið er að ráðningu ráðgjafa ungmenna. Í samvinnu við skólapijónustu grunnskóladeildar og verkefnastjóra og aðra starfsmenn Molans verður á næstunni boðið upp á starf þar sem áhersla verður lögð á að ná til nemenda sem glíma við skólasóknarvanda, í samvinnu við foreldra. Þegar ráðningu ráðgjafa ungmenna er lokið, mun sá starfsmaður koma með markvissum hætti inn í skóla- og félagsmiðstöðvar og vera sýnilegur bæði starfsfólki og nemendum ásamt því að veita stuðning og ráðgjöf í Molanum Miðstöð unga fólksins.

Í samvinnu við **Bergið headspace** verður lögð áhersla á að kynna vel ráðgjafapijónustu sem Bergið mun bjóða uppá. Markmið með samstarfinu er að styrkja þá starfsemi sem snýr að ráðgjafa- og stuðningsþjónustu í Molanum, Miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins headspace verður ungmennum að kostnaðarlausu og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og



hugmyndafræði Bergsins headspace snýst um. Horft er til þess að ráðgjafi á vegum Bergsins headspace muni hafa viðveru í Molanum, Miðstöð unga fólksins að jafnaði einn dag í viku frá kl. 09.00-12.00. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára, geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjafi hlustar, metur vandann, veitir stuðning og fræðslu og ráðgjöf um þjónustu í sveitarfélaginu. Ráðgjafi vinnur í gegnum viðtöl við ungmenni og ef þörf er á, aðstoðar viðkomandi við að komast í meðferð eða fá viðeigandi aðstoð annars staðar. Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Köru Connect, ekki er um að ræða meðferð heldur ráðgjöf og snemmtæka íhlutun. Markmið Bergsins headspace er að veita stuðning og ráðgjöf fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks, aðlaga þjónusta og veita fræðslu sem snýr að þeirra þörfum hverju sinni.

Samstarf við félagasamtök

Bergið headspace – Í lok nóvember mun Bergið headspace hefja ráðgjöf og stuðning í Molanum. Markmið með samstarfinu er að styrkja starfsemi er snýr að ráðgjöf og stuðning í Molanum miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins headspace er ungmönnum að kostnaðarlausu, og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi, og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og hugmyndafræði Headspace snýst um. Horft er til þess að ráðgjafi á vegum Bergsins headspace muni hafa viðveru í Molanum að jafnaði einn dag í viku, 3 tíma í senn.

Píeta samtökin – Fundað hefur verið með framkvæmdastjóra Píeta samtakanna og starfsfólki. Vilji er til að ræða áfram samstarfsfleti og fyrirkomulag á því. Stefnt er að fundi fljótlega til að halda áfram því samtali.

Samfés - Deildarstjóri frístundadeildar og sviðsstjóri menntasviðs áttu nýverið fund með framkvæmdastjóra og verkefnastjóra Samfés þar sem þeim voru kynntar þær breytingar sem verið er að innleiða í Molanum. Fundurinn var gagnlegur og sammæli um að halda áfram samstarfi og samvinnu áfram.

Samtökin '78 – Fundað hefur verið með framkvæmdstjóra Samtakanna '78. Samtökin eru að vinna að tilboði í fræðslusamning til Kópavogsbæjar, sem tekur mið af fræðslu til starfsfólks skóla, starfsfólks frístunda/félagsmiðstöðva, fræðsla til starfsfólks leikskóla, stjórnenda, og þjálfara íþróttafélaga. Vegna anna hjá Samtökunum '78 þá er stefnt á að hefja samstarf haustið 2024 en mikill vilji og áhugi er fyrir samstarfinu, með fyrirvara um að tilboð sem Kópavogsbær fær vegna fræðslusamnings fáið samþykkt.

Stöðugildi og starfslýsing starfsmanna Molans

Eftirfarandi stöðugildi eru núna í starfsemi Molans.

- **Verkefnastjóri Molans- 100%**

Starfið felur í sér umsjón með daglegu starfi og þjónustu við ungmenni í Miðstöð unga fólksins. Verkefnastjóri skipuleggur viðveru félagasamtaka og annarra samstarfsaðila í húsinu ásamt því að skapa vettvang og tækifæri fyrir virka þverfaglega samvinnu og samþættingu í þjónustu við ungt fólk. Verkefnastjóri stuðlar að faglegri og innihaldsríkri frístundastarfsemi í Miðstöð unga fólksins, þar sem unnið er með hæfileika, styrkleika ungmenna og mætt þörfum þeirra fyrir aðstöðu til afþreyingar, frítíma- og félagsstarfs, skapandi verkefna og starfa.



Verkefnastjóri hefur umsjón með kynningu á þjónustu við ungt fólk í miðstöðinni. Starfið felur í sér áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi og hefur snemmtækan stuðning og íhlutun að leiðarljósi.

- **Ráðgjafi ungmenna – 100%**

Ráðgjafi í málefnum ungmenna hefur umsjón með og skipuleggur samfellda þjónustu er snýr að stuðningi við ungmenni í Kópavogi. Hann stuðlar að samþættingu í þjónustu við aðrar stofnanir sem sinna málefnum ungmenna í Kópavogi, þannig að viðkomandi ungmenni fái heildstæða og markvissa þjónustu í samræmi við þarfir. Ráðgjafi skipuleggur og stýrir sértæku hópastarfi í Molanum miðstöð unga fólksins sem snýr að stuðningi og ráðgjöf við ákveðna hópa/einstaklinga.

- **Umsjónarmaður skapandi verkefna- 50%**

Umsjónarmaður skapandi verkefna ber ábyrgð á og skipuleggur skapandi störf með ungu fólki í samvinnu við verkefnastjóra í Molanum miðstöð unga fólksins. Hann annast þátttöku, leiðsögn og skipulagningu á verkefnum, námskeiðum, sýningum og viðburðum tengt list-, menningu- og nýsköpun fyrir ungt fólk aldrinum 16-25 ára, og er með aðstöðu í Miðstöð unga fólksins.

- **Frístundaleiðbeinandi- 30%**

Frístundaleiðbeinandi hefur umsjón með og skipuleggur hópastarf og verkefni tengdum menningar, félags- og forvarnarstarfi Molans. Hann vinnur í anda lýðræðis á starfsstaðnum og vinnur markvisst að því að auka sjálfstæði, ábyrgð og virkni þeirra sem taka þátt í starfinu.

- **Tímavinnufólk/frístundaleiðbeinendur – 20%**

Fjögur ungmenni eru tímavinnustarfsmenn sem skipta með sér vöktum í Molanum. Tímavinnumenn eru ráðnir sem frístundaleiðbeinendur og er heimild fyrir 20% starfshlutfalli nýtt í þeirra vinnu.

Rekstarkostnaður Molans

Rekstarkostnaður Molans er sambærilegur frá árinu 2023 til ársins 2024 eins og áætlun gefur til kynna. Stöðugildafjöldi er sá sami eða 3 stöðugildi hvern mánuð. Hækkar á starfsmannakostnaði milli ára liggja í eðlilegri hækkun vegna kjarasamninga og vísitölu. Annar rekstarkostnaður hækkar tengt vísitölu neysluverðs eins og hjá öðrum stofnunum bæjarins.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Virðingarfyllt,



Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar